

og þykir sektin hæfilega metin á 200 kr. í ríkissjóð, eða til vara 20 daga einfalt fangelsi ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 150 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli er umboðsmaður stefnanda hefir viðhaft um umboðsmann stefnds á Seyðisfirði ber eftir kröfu hans að ómerkja.

Mánudaginn 22. febr. 1926.

Nr. 6/1226.

Valdstjórnin (Sveinbj. Jónsson)
gegn

Jónas Rekdal (L. Fjeldsted), **Bjarna Jónssyni og Kristni Stefánssyni**
(Pjetur Magnússon).

Áfengisлага- og sóttvarnarlagabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 4. desbr. 1925: Kærði Jónas Rekdal á að sæta tveggja mánaða einföldu fangelsi og greiða 4000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., vegna brots á lögum um aðflutningsbann, en aflána hana ella með þriggja mánaða og tíu daga einföldu fangelsi.

Fyrir brot á lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum greiði hann 100 króna sekt í ríkissjóð fyrir sama dag, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Bjarni Jónsson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., vegna brots á lögum um aðflutningsbann á áfengi, en afláni hana ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Fyrir brot á lögum um varnir gegn næmum sjúkdómum greiði hann í ríkissjóð 100 króna sekt fyrir sama dag, en sæti ella 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Kristinn Stefánsson greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir 16. desember þ. á., en aflána hana ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Alt áfengi í skipinu „Vaarblomsten“ S. F. 39 B, skal upp-tækt og eign ríkissjóðs og sömuleiðis skal sjálft skipið upp-tækt og eign ríkissjóðs.

Allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður, greiði dómfeldu einn fyrir alla og allir fyrir einn, Jónas Rekdal að hálfu, en Bjarni Jónsson og Kristinn Stefánsson sinn fjórða hlutann hvor.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í hjerði var hinum kærðu hvorki birt dómstefna nje tilkynt af dómáranum að mál yrði höfðað gegn þeim af valdstjórnarinnar hálfu. En þar eð ætla má, að þeim hafi verið það ljóst af rannsókninni, að mál myndi verða höfðað gegn þeim, og með hliðsjón af því, að einn hinna kærðu vildi una dómnum og að framhaldsrannsókn fór fram í málinu að beiðni annars af hinum kærðu, eftir að hinn áfrýjandi dómur gekk, þykir eigi næg ástæða til að ómerkja dóminn af þessum sökum, en þessi vanræksla undirdómarans er mjög vitaverð.

Það er sannað í málinu, með eigin játningu kærða, Jónasar Rekdals, og öðrum gögnum, að hann hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 15, 8. júní 1925 og 1. gr. l. nr. 31, 20. júní 1923. Refsing hans fyrir brot þessi, þykir, samkv. 13. gr. l. nr. 15, 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 6. nóv. 1922 og með tilliti til þess, að kærði hefir verið í gæsluvarðhaldi síðan 17. des. f. á., hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í einn mánuð og 3000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Bjarni Jónsson hefir að vísu neitað því í prófum málsins að hafa átt þátt í hinum ólöglega áfengisinnflutningi, en með framburði kærðra Rekdals og Kristins og öðrum gögnum, sjerstaklega sím-skeytum þeim er fóru milli þeirra Kristins og Bjarna,

og Bjarni enga grein hefir getað gert fyrir, eru fengnar nægilegar líkur fyrir því, að Bjarni hafi átt svo verulegan þátt í innflutningi áfengisins að telja verður að hann hafi gjörst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 15, 1925. Það er og sannað að hann hefir gjörst brotlegur gegn 1. gr. l. nr. 31, 1923. Refsing hans fyrir brot þessi þykir, samkv. 13. gr. l. nr. 15, 1925 og 27. gr. l. nr. 34, 1902 hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í einn mánuð og 2000 króna sekt í rikissjóð er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um kærða, Kristinn Stefánsson er það sannað, með eigin játningu hans og öðrum gögnum, að hann var frá upphafi í ráðum með Rekdal og Bjarna um áfengisinnflutninginn og lagði nokkurt fje fram í því skyni. Auk þess tók hann að sjer að gera ráðstafanir til þess að áfenginu yrði komið á land í Vestmannaeyjum, þó að hann hinsvegar ekki virðist hafa gert neitt verulegt til undirbúnings því. Með þessu hefir hann gjörst brotlegur gegn 18. gr. l. nr. 15, 1925 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til rikissjóðs er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Um upptöku hins ólöglega innflutta áfengis og skipsins »Vaarblomsten« skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Kærði Jónas Rekdal greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málf lutningskaup hins skipaða verjanda síns í hæstarjetti 80 krónur. Kærði Bjarni Jónsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn. Kærði Kristinn Stefánsson og kærði Bjarni Jónsson greiði in solidum málf lutningskaup hins skipaða verjanda

sins í hæstarjetti, 80 krónur. Annan kostnað sakarinnar í hjeradi og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða sækjanda fyrir hæstarjetti, 100 krónur, greiði hinir kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Það er aðfinsluvert að fullnægjandi hegningarvottorð hinna kærðu vantar í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Jónas Rekdal, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 3000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 80 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Kærði, Bjarni Jónsson, sæti eins mánaðar einföldu fangelsi og greiði 2000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Kærði, Kristinn Stefánsson, greiði 2000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi sje hún eigi greidd innan mánaðar frá birtingu þessa dóms.

Um upptöku hins ólöglega innflutta áfengis og skipsins »Vaarblomsten« á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Kærði, Jónas Rekdal, greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málflutningskaup hins skipaða verjanda síns fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 80 krónur.

Kærði Bjarni Jónsson greiði sjálfur verðhalds-
kostnað sinn. Kærði Bjarni Jónsson og kærði
Kristinn Stefánsson greiði in solidum málflyt-
ningskaup hins skipaða verjanda síns fyrir
hæstarjetti, hæstarjettarmálflytningmanns Pjet-
urs Magnússonar, 80 krónur. Annan kostnað
sakarinnar í hjerði og hæstarjetti, þar með
talið málflytningkaup hins skipaða sækjanda
fyrir hæstarjetti, cand. juris Sveinbjarnar Jóns-
sonar, 100 kr., greiði hinir kærðu einn fyrir
alla og allir fyrir einn.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Einn dómenda lagði fram úgreiningsatkvæði um ómerking hins áfrýj-
aða dóms og heimvísun málsins.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Sunnudaginn 29. f. m. kom mótorskipið „Vaarblomsten“, sem
er frá Noregi og hefir skrásetningarstafi og tölu S. F. 39 B, hing-
að til Vestmannaeyja. Þar eð áður hafði kvisast að skip þetta
mundi vera með áfengi innanbords, sem hjer ætti að smygla í
land, var þetta strax athugað og reyndist rjett. Kom í ljós við
rjettarhöld í málinu, að farmskírteini skipsins hljóðaði þannig að
farmurinn væri 15000 lítrar af spiritus og ætti að fara til Murmans-
strandar og afhendast þar eftir „Ordre“. Var spiritusinn tek-
inn á skipið í Hamborg, en hinn kærði skipstjóri, Jónas Rekdal,
virðist ekki hafa látið uppskált við skipshöfnina, að ferðinni væri
heitið til Íslands, eða yfirleitt ráðið hana þannig að hún gæti
búist við þessu. Verður ekki talið upplýst að skipshöfnin hafi
verið í vitorði um þetta, eða ætlað að veita aðstoð sína til hins
ólöglega innflyttings. — Farmur skipsins reyndist eingöngu áfengi.

Aftur á móti verður að telja sannað í málinu að hinir 3
kærðu hafi gerst brotlegir gegn lögum um aðflytningbann á
áfengi af þeim ástæðum, sem hjer skulu greindar.

Kærði Jónas Rekdal hefir játað að hafa flutt áfengi í ís-
lenska landhelgi í því skyni að selja það ásamt meðkærðu Bjarna

Jónssyni og Kristni Stefánssyni. Hann hefir viðurkent að — eins og dagbókarnefna skipsins ber með sjer — förlinn hafi strax verið heitið til Íslands og Vestmannaeyja sjerstaklega. Hinsvegar er ekki sannað að hann hafi greitt fje fyrir áfengið, en skulda- viðurkenning til firmans, er afhenti áfengið bendir á að það hafi a. m. k. sumpart verið lánað.

Með þessu atferli sínu hefir kærði gerst brotlegur gegn 1. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi og með tilliti til þess að hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álist refsingin samkvæmt 13. gr. sömu laga hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi og 4000 króna sekt til rikissjóðs, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en aflánist að öðrum kosti með þriggja mánaða og 10 daga einföldu fangelsi. Alt áfengi innanborðs í skipinu „Vaarblomsten“ skal upptækt og vera eign rikissjóðs og sömuleiðis á skipið sjálf að vera upptækt og eign rikissjóðs.

Ákærði hefir sömuleiðis játað að hafa brotið gegn 7. gr. laga 6. nóv. 1902, um varnir gegn næmum sjúkdómum, með því að skjóta manni á land í Vestmannaeyjum áður en hann hafði fengið heilbrigðisvottorð, og álist refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 100 króna sekt, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en aflánist að öðrum kosti með 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Bjarni Jónsson hefir eindregið neitað að hafa átt nokkurn þátt í útvegum hins ólöglega áfengis eða veitt neina aðstoð til þess að brotið var framíð. Þrátt fyrir þessa neitun neitun hans verður að telja að hann hafi veitt aðstoð sína til lagabrotsins og er þetta því helst til sönnunar:

- a. Meðkærðu Jónas Rekdal og Kristinn Stefánsson hafa báðir borið það.
- b. Eitt vitni hefir unnið eið að því að hann hafi hlustað á kærða og skipstjóránn eiga tal um kaup á spiritus og að kærði hafi aðstoðað við að taka á móti áfenginu í skipið og koma því þar fyrir.
- c. Símskeyti, er kærði sendi til meðkærða Kristins Stefánssonar og fjekk aftur frá honum benda á samband milli þeirra á þessu tímabili, sem kærði hefir ekki gert grein fyrir, en verða skiljanleg sje það rjett, sem meðkærðu hans bera, að hann hafi verið einn í fjelagsskapnum um þessa áfengisútvegum.
- d. Ferðalag kærða á skipinu, þar sem hann ekki var ráðinn skipverji og í sambandi við annað verður að teljast grunsamlegt.

- e. Að miklar líkur eru til að hann hafi lagt nokkra upphæð fram til áfengiskaupa, sem ekkert varð úr, sbr. framburð skipstjóra, vitnisburð vjelmeistara og yfirlýsing á rskj. 7, alt um 150 mörk, sem kærði hafi átt að greiða í þessu skyni.
- f. Að neitanir kærða um samband milli hans og Kristins Stefánssonar eru svo auðsjáanlega rangar að það gerir neitanir hans aðrar yfirleitt tortryggilegar.

Verður samkvæmt ofangreindu að álíta nægilega sannað að ákærði hefir með ráðum og framkvæmdum verið til aðstoðar við áðurnefnat lagabrot og að för hans meðal annars a. m. k. hefir verið gerð í því skyni.

Með þessu atferli sínu hefir kærði gerst brotlegur gegn 18. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi frá 8. júní 1925 og þar eð hjer er um brot í fyrsta sinni að ræða álist refsingin hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Ákærði hefir játað að hafa farið úr skipinu „Vaarblomsten“ á land í Vestmannaeyjum áður en sóttvarnareftirlit hafði verið framkvæmt. Með þessu hefir hann brotið 7. gr. laga 6. nóv. 1922 um varnir gegn næmum sjúkdómum og álist refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 5 daga einföldu fangelsi.

Kærði Kristinn Stefánsson hefir játað að hafa verið í ráðum um hinn fyrirhugaða áfengisinnflutning og að hafa lagt nokkurt fje fram til farar þeirrar, sem gerð var í því skyni. Þetta styðst einnig við annað, sem upplýst er í málinu, símskeyti o. fl. Með þessu hefir kærði gerst brotlegur gegn 18. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi frá 8. júní 1925 og þar eð hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álist refsingin hæfilega ákveðin 3000 króna sekt, er greiðist fyrir 16. desember þ. á., en afplánist ella með 85 daga einföldu fangelsi.

Kostnaðinn af máli þessu, sem orðinn er og verður, greiði kærðu einn fyrir alla og allir fyrir einn, Jónas Rekdal helminginn en Bjarni Jónsson og Kristinn Stefánsson að einum fjórða hluta hvor.